

Samfélagsleg ábyrgð

Samfélagsleg ábyrgð Expert

Við öxlum samfélagslega ábyrgð með margþættum hætti. Ekki síst hvað varðar vörur og þjónustu fyrirtækisins, mannauð okkar og samfélagið. Mál sem við látum okkur varða snúa meðal annars að umhverfisvernd, bættri lýðheilsu, heilbrigði í viðskiptaháttum og frumkvöðlastarfsemi. Áherslur í mannauðsmálum snúa að fjölbreytni, jafnrétti, öryggi, vinnuvernd og forvörnum gegn einelti.

Stefnuýfirlýsing

Expert vill láta gott af sér leiða og starfa í góðri sátt við samfélagið. Expert vill eiga gott samstarf við hagsmunaaðila sína og skapa þeim virði með ákvörðunum sínum. Samfélagsleg ábyrgð skal höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku í stórum málefnum. Við mat á árangri skal horft til þeirra áhrifa sem félagið hefur á samfélag sitt og umhverfi.

Vörur og þjónusta

Expert gerir ríkar kröfur til þess gagnvart birgjum að gæði séu í forgrunni ásamt því að allar vottanir séu til staðar hverju sinni. Má þar nefna vottanir og reglur sem snúa að matvælaöryggi, gæðaöryggi og annara sem nauðsynlegar eru í starfsemi félagsins.

Mannauður

Ein helsta auðlind Expert er mannauður félagsins, þekkingin og reynslan sem hann býr yfir. Til að hlúa að starfsfólki höfum við sett fram skýra stefnu sem byggir á vellíðan og öryggi starfsfólks sem og öryggi og vinnuvernd sem eru okkur mjög hugleikin. Hjá Expert er til staðar virkur trúnaðarmaður sem og öryggis- og vinnuverndarfulltrúi. Expert kappkostar og hefur að leiðarljósi virka þátttöku í endurmenntun sem skapar virði fyrir atvinnulífið, starfsmenn, félagið sjálft og viðskiptavinum þess.

Við styðjum við fjölbreytni í íslensku atvinnulífi með starfsfólki frá mörgum þjóðlöndum.

Samfélagið

Umhverfisstefna okkar endurspeglar umhverfisvæn sjónarmið í öllum skrefum virðiskeeðjunnar. Við leitumst við að nota endurnýtanleg og umhverfisvæn efni ásamt því að leggja ríka áherslu á minnkun sorps og umhverfisvæna orkugjafa. Expert styður ýmis samfélagsleg málefni hvort sem er í formi fjárhagslegra styrkja eða samstarfsverkefna.

Expert starfar eftir þeim lögum og reglum sem félaginu ber að fylgja, sem og leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Auk þess hefur félagið sett sér siða- og samskiptareglur sem fylgt er eftir í starfsemi félagsins.

Framkvæmd og gildissvið

Stjórn félagsins og stjórnendur láta sig málaflökkinn varða og bera á honum fulla ábyrgð en stefnu félagsins í þessum málaflökki skal endurskoða að lágmarki á einu sinni á ári.

Þannig samþykkt í mars 2020